

Stjórnarfundur í Geðhjálp

26. janúar 2023 kl. 16:30

Dagskrá

Mætt: Grímur Atlason, Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Sveinn Rúnar Hauksson, Elín Atim, Héðinn Unnsteinsson, Sigríður Ólafsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Sigmar Þór Ármannsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð frá frá 8 desember sl.

Fundargerð samþykkt af hálfu stjórnar.

2. G-vítamín

Gott áhorf á myndböndin, mikill sýnileiki í samfélaginu. Málið tekið frekar til umræðu á næsta stjórnarfundum 23. febrúar.

3. Geðheilbrigðisáætlun 2023-2027

Áætlunin er tilbúin og fer fyrir ríkisstjórn á þriðjudaginn í næstu viku eða þann 31. janúar. Kostnaðarmat gæti legið fyrir í lok febrúar.

4. Löggilding SSPRF

16. febrúar koma hóparnir saman á samráðsþingi um landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og kynna niðurstöður SVÓT greininga sem unnar hafa verið að sl. vikur.

5. Málefni Vinjar

Málið er í ferli. Beðið er eftir niðurstöðu fulltrúa velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

6. Framtíðarhúsnæði geðheilbrigðisáætlun LSH

Fyrirhuguð uppbygging á nýrri geðdeildarbyggingu. Vinnuhópur skipaður af heilbrigðisráðherra sinnir forathugun skipulags á uppbyggingu nýrrar geðdeildar. Skýrsla starfshópsins væntanleg í lok febrúar.

7. Önnur mál

- Styrktarfélagar eru nú 7.369 talsins. Viljum vera duglegri að segja okkar styrktarfélögum jákvæðar sögur af því hvað félagið er að styrkja.
- Hlynur Jónasson, fulltrúi Geðhjálpar í samhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði, hefur upplýst stjórn Geðhjálpar að til standi að efla allt IPS (e. *individual placement and support*) starf á Íslandi í gegnum Vinnumálastofnun, VIRK, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landspítala ásamt því að samræma skráningar og einfalda vinnulag. Þetta eru jákvæð tíðindi fyrir einstaklinga sem búa við geðrænar áskoranir og vonandi aðeins byrjun á opnari vinnumarkaði gagnvart hlutastörfum og tækifæra fyrir fólk með mismikla starfsgetu.
- Aðalfundur félagsins fyrirhugaður 30. mars nk.

Fundi slitið 17:49

Elín Pálsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Kristinn Tryggvi Gunnarsson
SRH
Grímur